

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/1769
komudagur 28.4.2003

Þingmál 612

Frumvarp til laga um lögmenn, EES reglur, námskröfur

Skólafélag Viðskiptaháskólans á Bifröst



Bifröst, 21. apríl 2003

Háttvirta allsherjarnefnd,

Álit Skólafélags Viðskiptaháskólans á frumvarpi til breytinga laga um lögmenn er einfalt. Frumvarpið er skref í rétta átt til jafnræðis í sambandi við lög um lögmenn. Frumvarpið er eðlilegt og stefnir lögum á Íslandi í þá átt sem þau eiga að fara, í átt að því að vera sem réttlátust.

Umsögn um einstakar greinar frumvarpsins:

Skólafélag Viðskiptaháskólans á Bifröst hefur engar athugasemdir við neina liði frumvarpsins og er samþykkt breytingunum sem fylgja þeim. Telur félagið að ekki þurfi nánar að ræða aðra liði heldur en 4.gr. a) en mestan styrk hefur staðið um innihald þeirrar greinar.

4. gr. a er rétt skref til þess að fylgja jafnræðisreglu stjórnarskrár, þ.e. að lög gildi jafnt um alla. Að lögfræðipróf eitt frá viðurkenndum háskóla sé nægjanlegt til að bera heitið lögmaður er eðlilegt. Ekki er réttlætanlegt að einungis einn skóli fái þau réttindi.

Eitt sinn hafði Háskóli Íslands einn rétt á því að útskrifa viðskiptafræðinga. Lögum nr. 27 frá 1981 var aftur á móti breytt og jafnræðisreglu stjórnarskrár fullnægt. Nú þykir öllum eðlilegt að fleiri skólar en Háskóli Íslands geti útskrifað viðskiptafræðinga. Hér erum við að sjá sömu þróun í lögum um lögmenn. Að ætla að setja sig á móti þessu nær engri átt.

Í lögum um dómstóla, nr. 15 frá 1998, um það hverjir geta orðið hæstaréttardómarar kemur fram að hæstaréttardómarar verða einungis að vera með embættispróf í lögfræði. Afhverju setjum við

lögmonnum þessa lands þær kröfur að þeir verði að vera með próf frá Háskóla Íslands ef við ætlum ekki að gera það við hæstarréttardómara?

Háttvirta Allsherjarnefnd, frumvarpið sem liggur fyrir ykkur er hreint og klárt mannréttindamál. Mannréttindamál þeirra stúdenta sem stunda nú nám við lögfræðideildir háskólanna. Þeirra nám er að miklu leyti í höndunum á ykkur. Þetta fólk treystir á ykkur, að þið sjáið þeim fyrir einföldum mannréttindum þeirra. Að þið breytið eftir 65. gr. stjórnarskrár, að lög gildi jafnt yfir alla. Að þeir sem stunda nám í lögfræði utan Háskóla Íslands eigi þann möguleika til jafns á við stúdenta Háskóla Íslands að verða lögmenn.

Við, Skólafélag Viðskiptaháskólans á Bifröst, treystum á ykkur Alþingismenn að breyta rétt og samþykkja þetta frumvarp.

f.h. Skólafélags Viðskiptaháskólans á Bifröst



Bragi Rúnar Axelsson

Formaður Skólafélagsins

bragia@bifrost.is

s: 8618801